

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um fjölda nema í iðn- og verknámi.

1. *Hversu margir sóttu um að hefja iðn- og verknám á árunum 2010–2020 og hversu margar umsóknir voru samþykktar?*

Eftirfarandi svör, sem einskorðast við löggiltar iðngreinar, bárust frá framhaldsskólum sem brautskrá nemendur úr iðnnámi. Um er að ræða nemendur sem koma beint úr grunnskóla og einnig eldri nemendur sem hefja iðnnám. Eins og sjá má getur verið nokkur munur á fjölda umsókna og fjölda samþykktra umsókna í tilteknum skólum. Sá munur getur skýrst af nokkrum þáttum, svo sem því að sami nemandi getur sótt um í fleiri skólum samtímis, um-sækjandi uppfyllir ekki kröfur skóla um innritun á tiltekna braut, plássleysi í námshópi, skorti á aðstöðu og/eða skorti á sérhæfðum kennurum.

Nokkrir skólar settu fyrirvara um uppgefinn fjölda umsókna og fjölda samþykktra umsókna í iðnnám og reyndist sumum skólum vandasamt að telja umsóknir. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti telur t.d. að slíkar tölur séu ekki til í skólanum, þar sem umsóknarskráning er ekki gerð fyrir nemendur sem flytja sig milli brauta. Jafnframt gildir sú vinnuregla um kvöld-skólanemendur að þeir skrá sig í áfanga á meðan laus pláss eru til staðar en eru hvorki samþykktir inn á brautir né þeim hafnað. Nemandi er gjarnan skráður á námsbraut eftir að innritun lýkur ef laus pláss eru fyrir hendi og þá er ekki gerð umsókn. Tölur vantar frá Menntaskólanum á Ísafirði og sömuleiðis frá snyrtiskólum sem hafa hætt starfsemi.

Fjöldi umsókna í iðnnám skólaárin 2010/2011–2019/2020:

Skóli	10/11	11/12	12/13	13/14	14/15	15/16	16/17	17/18	18/19	19/20
Borgarholtsskóli	356	381	352	289	286	217	232	264	306	294
Fisktæknisk. Íslands ehf.									24	18
Fjölbrautask. Norðurl. vestra	71	82	38	45	32	68	45	48	39	84
Fjölbrautask. Suðurlands	58	60	66	59	67	56	63	80	116	85
Fjölbrautask. Suðurnesja	113	114	65	89	79	81	91	75	72	80
Fjölbrautask. Vesturlands	51	55	50	39	47	54	48	72	87	99
Framhaldssk. í Vestm.eyjum	2	6	5	3	2	4	5	3	24	2
Háarakademían					24	26	25	24	26	28
Landbúnaðarháskóli Íslands	17		20		38		27		22	
Menntaskólinn í Kópavogi	84	123	142	175	216	218	268	266	258	315
Tækniskólinn	1.342	1.284	999	936	817	714	901	885	1.167	1.285
Verkmenntask. Austurlands	77	61	52	29	34	39	35	43	74	63
Verkmenntask. á Akureyri	169	199	195	162	196	188	219	244	253	254
Samtals:	2.171	2.166	1.789	1.664	1.642	1.477	1.740	1.760	2.215	2.353

Heimild: Tölur frá framhaldsskólum sem brautskrá nemendur úr löggiltu iðnnámi.


Samþykktar umsóknir í iðnnám skólaárin 2010/2011–2019/2020:

Skóli	10/11	11/12	12/13	13/14	14/15	15/16	16/17	17/18	18/19	19/20
Borgarholtsskóli	218	305	253	225	238	174	203	214	238	218
Fisktæknisk. Íslands ehf.									21	16
Fjölbrautask. Norðurl. vestra	71	82	38	45	32	68	45	48	39	84
Fjölbrautask. Suðurlands	57	58	64	58	64	53	61	77	108	76
Fjölbrautask. Suðurnesja	65	90	42	69	57	66	69	57	43	58
Fjölbrautask. Vesturlands	42	47	45	34	40	49	36	66	78	62
Framhaldssk. í Vestm.eyjum	2	6	5	3	2	4	5	3	24	2
Hárákademían					14	16	16	16	18	18
Landbúnaðarháskóli Íslands	17		21		32		28		23	
Menntaskólinn í Kópavogi	70	102	20	152	191	195	236	251	244	307
Tækniskólinn	773	843	700	744	681	592	695	712	740	779
Verkmenntask. Austurlands	76	57	42	27	31	38	27	42	71	59
Verkmenntask. á Akureyri	169	142	170	162	171	172	169	144	153	173
Samtals:	1.560	1.732	1.400	1.519	1.553	1.427	1.590	1.630	1.800	1.852

Heimild: Tölur frá framhaldsskólum sem brautskrá nemendur úr löggiltu iðnnámi.

Samþykktum umsóknum fjölgaði á tímabilinu um tæp 18% frá skólaárinu 2010/2011 til 2019/2020 og tæp 30% frá skólaárinu 2015/2016 til 2019/2020.

Mynd 1. Fjöldi samþykktra umsókna í iðnnám skólaárin 2010/2011–2019/2020.



Heimild: Tölur frá framhaldsskólum sem brautskrá nemendur úr löggiltu iðnnámi.

2. Hversu margir luku iðn- og verknámi á árunum 2010–2020?


Eftirfarandi svar einkorðast við löggiltar iðngreinar. Upplýsingar um hversu margir luku löggiltu iðnnámi skólaárin 2010/2011–2019/2020 bárust frá eftirtöldum framhaldsskólum sem brautskrá nemendur úr löggiltu iðnnámi.

Skóli	10/11	11/12	12/13	13/14	14/15	15/16	16/17	17/18	18/19	19/20
Borgarholtsskóli	60	105	88	107	96	82	91	89	98	106
Fisktæknisk. Íslands ehf.									2	2
Fjölbrautask. Norðurl. vestra	19	31	20	65	17	26	14	25	17	43
Fjölbrautask. Suðurlands	7	7	9	11	9	16	9	12	17	25
Fjölbrautask. Suðurnesja	15	29	17	21	14	14	18	15	36	24
Fjölbrautask. Vesturlands	28	34	20	18	41	25	30	26	37	37
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	107	78	104	81	77	84	67	95	100	98
Framhaldssk. í Vestm.eyjum	2	2		6						
Háarakadémin					14	15	15	14	15	15
Landbúnaðarháskóli Íslands		3		6	2	10	1	11	2	9
Menntaskólinn í Kópavogi	45	44	56	62	76	76	84	74	83	82
Tækniskólinn	300	318	272	285	282	256	235	198	204	238
Verkmenntask. Austurlands	6	6	4	11	4	4	11	13	8	9
Verkmenntask. á Akureyri	82	96	65	89	65	116	72	69	90	116
Samtals:	671	753	655	762	697	724	647	641	709	804

Heimild: Tölur frá framhaldsskólum sem brautskrá nemendur úr löggiltu iðnnámi.

Tölurnar sýna sömuleiðis talsverða fjölgun brautskráninga úr löggiltu iðnnámi á tímabilinu, eða um tæplega 20% og um rúmlega 25% frá skólaárinu 2017/2018 til 2019/2020.

Mynd 2. Fjöldi brautskráðra úr iðnnámi skólaárin 2010/2011–2019/2020.



Heimild: Tölur frá framhaldsskólum sem brautskrá nemendur úr löggiltu iðnnámi.